

Stjórnarfundur LH 26. maí 2006

14. fundur

Stjórn og varastjórn voru boðaðar til þessa fundar. Mætt voru: Jón Albert Sigurbjörnsson, Haraldur Þórarinnsson, Einar Ragnarsson, Sigfús Helgason, Sigurður Ævarsson, Halldór Halldórsson, María Þórarinsdóttir, Sigrún Valdimarsdóttir og Sigurður Sveinbjörnsson. Einnig sátu fundinn Guðrún Valdimarsdóttir og Sigrún Ögmundsdóttir.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Ekki var hægt að fara yfir fundargerð síðasta fundar þar sem hún liggur ekki fyrir.

2. Reiðvegauþlutun 2006

Halldór skýrði hvað liggur að baki úthlutun nefndarinnari, sjá fylgiskjöl 1 og 2 og samþykkir stjórn LH úthlutun reiðvegafjár 2006.

Stjórn LH samþykkir enn fremur að fela formanni að finna leið til þess að fjármagna starfsmann í annað hvort hálf starf í eitt ár eða fullt starf í hálf ár. Starfsmaðurinn myndi hafa það verkefni að aðstoða félögin við skráningu reiðvega, skipulagsmál og starf reiðveganefnda landssvæða. Mörg félög hafa komið sér upp mjög skipulögðu vinnuferli sem greinilega virkar vel.

3. Gæðingadómarafélag LH (GDLH)

Jón Albert kynnir forsögu málsins og hvar það stendur. Tveir dómara hafa fengið lögfræðiaðstoð við að túlka lög gæðingadómarafélagsins á annan hátt en stjórn þess félags hefur gert hingað til. Jón Albert hefur reynt að koma á málamiðlun en án árangurs.

Ágúst Hafsteinsson formaður GDLH mætti á fundinn og lýsti yfir óbreyttri afstöðu félagsins. Samþykkt var að GDLH fái þá þjónustu sem þörf er á, einnig lögfræðiaðstoð ef svo fer. Allir aðilar harma að þessi staða skuli vera komin upp.

4. Landsliðsnefnd LH

Bjarnleifur Bjarnleifsson mætti á fundinn til að ræða bókun frá 12. fundi stjórnar LH. Bjarnleifur skýrði frá málsatkvikum og hvaða mistök áttu sér stað og harmar þau. Jón Albert lagði áherslu á mikilvægi rétttra boðleiða í félagsstarfinu.

Fram kom að samstarf framkvæmdastjóra og landsliðsnefndar er í góðum farvegi. Ítrekað er að öll fjármálastjórn heyri undir framkvæmdastjóra LH.

Formanni landsliðsnefndar var þakkað gott starf nefndarinnar og hann hvattur til að halda áfram á sömu braut.

Aðspurður telur formaður nefndarinnar að nægilegt sé að tveir dómara fari á NM frá Íslandi.

5. Skógarhólar

Kynt bréf sem sent var Birni Bjarnasyni formanni Þingvallanefndar varðandi leigusamning á Skógarhólum. Munnleg skilaboð hafa borist við bréfinu frá Sigurði Oddsyni framkvæmdastjóra Þingavallanefndar og verður samið við LH um leigu á Skógarhólum til 3 ára, þó með 10 mánaða uppsagnarákvæði. Garðar Hreinsson mun ekki taka að sér reksturinn en Guðný Ívarsdóttir hefur lýst yfir áhuga á að taka við honum. Jóni Alberti falið að ganga frá samningi við Guðnýju.

6. – 7. Undirbúningur fyrir Landsmót og dýralæknaskoðun

Undirbúningur fyrir landsmót er í fullum gangi og enn sem fyrr er löggæslukostnaður að vefjast fyrir mönnum. Brunaeftirlitið hefur einnig sett fram sérkennilegar kröfur.

Landsmót og framkvæmdaaðilar heimsmeistaramóts hafa komist að samkomulagi um gagnkvæmar kynningar á mótunum.

Guðrún fór og átti ágætan fund með Sigríði Björnsdóttur og Ármanni Gunnarssyni dýralæknum. Fram kemur að dýralæknar munu framkvæma munnskoðun á landsmóti. Lyfjapróf verða að sjálfsögðu tekin á landsmóti.

8. Kjörnefnd

Kjörnefnd hefur verið skipuð og stjórnarmenn hvattir til að kynna nefndinni áætlanir sínar sem fyrst. Formaður nefndarinnar er Guðmundur Hagalínsson, Gusti, aðrir nefndarmenn eru Sigrún Ólafsdóttir, Snæfellingi og Margeir Þorgeirsson, Mána.

9. Umsókn frá Neshestum

Borist hefur umsókn frá Neshestum á Raufarhöfn um að gerast aðilar að LH. Málið sent til baka með leiðbeiningum um það hvernig aðild að LH gengur fyrir sig, þ.e.a.s. í gegn um íþróttahéruð.

10. Önnur mál.

a. Nefndarskipan.

Á síðasta landsþingi var samþykkt að skipa nefnd sem skoði val hesta inn á landsmót. Sigfús Helgason skipaður formaður nefndarinnar og tillaga um aðra nefndarmenn; Kristbjörg Eyvindsdóttir, Lárus Dagur Pálsson, Sigurður Emil Ævarsson og Jón Gunnarsson.

b. Þorkell Bjarnason.

Þorkell Bjarnason er fallinn frá. Stjórn samþykkir að minnast Þorkels með viðeigandi hætt og Jóni Alberti falið það.

c. Fagrað í hrossarækt.

Hákon Sigurgrímsson hefur svarað því til að nauðsynlegt sé að breyta Búnaðarlögum áður en aðkoma LH þar inn sé raunhæf. Jón Albert hefur óskað eftir skriflegri staðfestingu um málið. Nauðsynlegt er að fylgja því eftir þegar sú staðfesting fæst.

Samþykkt að óska eftir viðræðum við Bændasamtök Íslands um aðgang að WorldFeng fyrir aðildarfélög LH.

d. Knapamerkjakerfið.

Hver á knapamerkjakerfið? Er málið í lausu lofti eftir aðkomu átaksverkefnisins? Fram kom að Haraldur og Jón Albert hafa ítrekað reynt að fá svör um hvar málið sé statt og hvenær LH fær aðgang að knapamerkjakerfinu, en þau eru ekki kominn enn. Nauðsynlegt er að ráðuneytin sem að átaksverkefninu koma, skilgreini hvar eignarhald á kerfinu liggir og var samþykkt að senda bréf þar að lútandi.

e. Fyrirspurn frá íþróttadómarafélaginu.

Stjórn íþróttadómarafélagsins sendi fyrirspurn vegna fjölda íslenskra dómara á Norðurlandameistaramót í sumar. Mótið óskar eftir þremur dómurum en Ísland sendir tvo. Ósk um fjölgun dómara á mótinu hefur ekki formlega borist stjórn LH og ekki hægt að verða við auknum kostnaði vegna NM.

*Fleira ekki fært til bókar
Fundarritari: Einar Ragnarsson
Fundi slitið 16:30*